

Meðal efnis;

Ný verk unnin í

Grænlandi.

Hvít myndlist.

Ljóð.


Vissir þú.

Saga.

Bréf til ráðherra.

Ýmis söfn.

Föðurlands-  
svikarar.




## Íslensk myndlist ! - Ný verk unnin í Grænlandi 2010/2011

Þann 10. desember 2010 lagði ég af stað til Grænlands. Flogið var frá Reykjavíkflugvelli til Kulusuk og þaðan til Nuuk. Þar dvaldi ég í tvo daga. Heimsótti söfn og gallerí. Þetta var mín fyrsta ferð til Grænlands, en þess má geta að Grænland er 13 sinnum stærra en Ísland. Leið mín lá suður á bóginn eða til Narsarsuaq, sem er tveimur breiddargráðum sunnar en Ísland. Þar var ég búinn að ákveða að vinna að myndlist sem og hafði ég ráðið mig tímabundið í aðra vinnu. Í Narsarsuaq búa 158 manns. Fjölskyldur og einstaklingar. Samfélagið er fjölþjóðlegt en þó mest um Grænlandinga og Dani. Narsarsuaq var á sínum tíma stór herstöð Bandaríkjamanna og bjuggu þar á sínum tíma um 15.000 manns tengdir herstöðinni. ( Þess má geta að um 15.000 manns búa nú í höfuðborg Grænlands, Nuuk.

Svæðið allt í Narsarsuaq ber þess merki að þar hafi verið töluverð byggð, en búið er að fjarlægja mest af mannvirkjum sem þar voru. Nafnið Narsarsuaq þýðir Stóra sléttan á Grænlensku. Rétt handan er Narsaq sem þýðir þá slétta.



Náttúran er allsráðandi í öllu. Hvort sem það er mannlíf, dýralíf eða annað. Hún er hrikaleg, margbrotin en um leið við fyrstu sýn nokkuð fátæk í gróðurfari. En við nánari athugun er ekki svo. Harðgerður og smár gróðurinn er ótrúlega fjölbreyttur. Vegalengdir er ægilegar og oftast mældar í dögum, vikum eða mánuðum. Einhvern vegin hentar klukkumæling-, mínútur og klukkutímar, ekki Grænlandingum.



## Íslensk myndlist ! - Ný verk unnin í Grænlandi 2010/2011



Verk eftir Guðmund R Lúðvíksson




Þegar ég kom til Narsarsuaq, sem er um rúmur klukku tíma flug frá Nuuk, blasti við mér þessi stóra slétta sem nánast öll er lögð undir flugvöll. Nokkur einbýlishús eru þarna, en mest eru þar byggingar sem tengjast þessum alþjóðlega flugvelli og tengir allt flug um Grænland saman.


Fyrstu dagana eyddi ég að mestu í göngur um allt svæðið. Fór inn að jökulbrún, upp í fjöll og gekk hring um flugvöllinn ( sem er töluvert stór ). Í gönguferðum þessum varð ég bergnuminn að spilltu umhverfi eftir herinn, en um leið af miljóna ára gamalli ósnortinni náttúru sem um líkur Narsarsuaq. Eini möguleikinn til að komast þaðan er annaðhvort með flugi, bát eða gangandi. Nánast engir vegir eru í Narsarsuaq sem tengir aðrar byggðir saman. Hægt er jú að aka til Bröttuhlíðar, en það er handan við fjörðinn. Í þessum gönguferðum mínum var ég sífellt að rekast á nýja og gamla hluti sem maðurinn hefur skilið eftir sig í náttúrunni. Allt frá nöglum, vírspottum og allskonar smáum og stærri hlutum sem lágu þarna um allt ósjálfbjarga og einskins nýtir. Ég einhvern veginn byrjaði því á að taka þessa hluti upp og stinga þeim í vasann án þess að gera mér grein fyrir hvað ég ætlaði að gera með þá. Eftir nokkra dag eins og Hrafninn, safnandi allskonar dóti, byrjaði ég að hnýta þessa hluti saman við sprek sem ég hafði einnig safnað. Ég ákvað að gera þessa hluti á eins frumlegan hátt og kostur var og notaði aðeins spotta og bönd til að halda þeim saman. Hver hluturinn fæddist af öðrum, og var þetta ferli orðið ákaflega skemmtilegt og ögrandi. Augu mín og eftirtekt var opin upp á gátt í gönguferðunum, og hver hlutur sem ég rakst á sagði mér sögur og bjó til myndir í huga mínum.

Í öllu ferlinu, eða í þrjá mánuði fannst ég upplifa sjálfan mig eins og skáta eða frummann sem nýtti sér hluti sem á vegi hans verða. Hver einast hlutur var forvitnilegur en aldrei ljótur eða einskinsnýtur. Að lokum þekkti ég svæðið svo vel sem ég gekk á að mig langaði helst til að binda það allt saman í eitt verk.

Að endingu hélt ég sýningu á verkunum í Narsarsuaq og bauð bæjarbúum á sýninguna. Mér skilst að þetta sé í fyrsta sinn sem sett er upp myndlistasýning í þessu litla og afskekta “ þorpi “ í Grænlandi. Mín var ánægja og hér eru myndir af þessum verkum mínum, sem nú eru komin til Íslands og verða vonandi sýnd einhvern tíman hér.





- Samgrh.** Kristján L. Möller
- Sjútvrh.** Einar K. Guðfinnsson
- Menntmrh.** Þorgerður K. Gunnarsdóttir
- Dómsmrh.** Björn Bjarnason
- Útanrrh.** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
- Forsrh.** Geir H. Haarde



- Fjmrh.** Árnir M. Mathiesen
- Félmrh.** Jóhanna Sigurðardóttir
- Iðnrh.** Össur Skarphéðinsson
- Umhvrh.** Þórunn Sveinbjarnardóttir
- Viðskrh.** Björgvin G. Sigurðsson
- Heilbrrh.** Guðlaugur Þór Þórðarson

# Íslensk myndlist ! - Ný verk unnin í Grænlandi 2010/2011





Ekkert má maður...

Margt er hér í heiminum,  
maður ekki má.  
Ekki má ég bíta og klóra,  
sparka í og slá.  
Ekki má ég heldur kasta  
steinum upp í loft.  
Og ekki má borða sand,  
ég geri það samt oft.

Ekki má ég krassa á veggi,  
né sulla matnum í.  
Ekki má ég heldur öskra  
ef pabbi minn á frí.  
Ég verð að raða skónum mínum  
þegar ég kem heim.  
Og ekki má ég aleinn fljúga  
eitthvað út í geim.

Bannað er að bora í nefið,  
og hella mjólk á gólf.  
Og ekki má borða seinna,  
bara klukkan tólf.  
Svo má ég ekki heldur ulla  
á fólk er gengur hjá.  
Og ekki skella hurðunum  
jólanóttum á .

Svo er líka alveg bannað  
að hlaupa fyrir bíl.  
Og ekki gæludýrið eiga,  
mig langar svo í Fíl.  
Það er vont að lifi í heimi  
sem maður ekkert má.  
Ég held ég vildi frekar vera  
litla eða stóra tá .






## Hvít myndlist

Það er alþekkt innan myndlistarinnar að listamenn hafa hallað sér að hvítalitnum í verkum sínum. En eins og allir vita þá telst hvítt ekki til litar í þeim skilningi, eins og rauður, gulur eða blár og allt þar á milli. Það sama er sagt um svarta litinn - hann er ekki litur !

Hvít verk hafa yfir sér einhvern heilagan og nánast ósnertanlegan blæ. Oft á tíðum langar manni helst að hvíslast á þegar maður er nálægt þannig verkum. Þau eru róandi og einhvernvegin án endingar. En það getur líka verið vandmeðfarið að vinna út frá hvítu, því að minnsta misfella getur orðið að aðalatriði og gert verkið vanmáttugt og klaufalegt.

Einhver sagði einhver tíman m.a um allhvít verk - “ Less is more “ . En án efa er það ekki minni vandi að vinna út frá svo viðkvæmum “lit” eins og að vinna með aðra liti. Jafnvel flóknara.




# Arkitektúr - Listasöfn I

Viða um heim eru listasöfn í stórum glæsilegum byggingum. Gömlum eða nýjum. Troðningur hefur verið að skoða þessi söfn og ákvað að láta nokkrar myndir fylgja hér með til að sýna lesendum herlegheitin.

Segja má að á síðasta áratug hafi þær byggingar sem reistar hafi verið frá grunni til að hýsa listir, verið nokkurskonar geimskip, eða einhverskonar ýmynduð framtíðar sýn. Arkitektar hafa fengið frjálssar hendur að sinni margslunginni sköpun, og segja má með sanni að stundum hefur byggingin verið gerð að aðalatriði en innihald hennar að aukaatriði - í þannig gerðum skilningi.

Auðvitað gleður það augað og sál að sjá mikilfenglegan arkitektúr, en það getur líka haft truflandi áhrif á tilganginn að skoða listina sem þar er innan-dyra. Mér er minnisstætt er ég heimsótti listasafnið í Leipzig, sem er gríðarlega stór ferköntuð kassa bygging. Hátt til lofts og vítt til veggja. Verk eftir marga málara sem vinna í ofurstærðum eins og Georg Baselitz, urðu eins og lítil frímerki á vegg. Þar er m.a stórt verk eftir íslenska listamanninn Erró í öndvegi, en vegna stærðarinnar á húsnæðinu þá var myndin eins og lítil portred mynd á stofuvegg. Missti sem sé allan máttinn sem verkið í raun hefur ef maður nær að standa frami fyrir því.

Í sumum söfnunum sem ég hef komið í, eins og nútímasafnið í Frankfurt, þar sem enginn veggur er beinn í raun, hefur þetta mjög truflandi áhrif á skoðunina. En, byggingarnar eru glæsilegar. Það verður ekki tekið frá þeim.



Milwaukee Art Museum




Akron Art Museum



Art Museum Strongoli




Denver Art Museum




Dubai Contemporary Art Museum




National Art Museum Tokyo




National Portrait Art Museum



Portland Art Museum



Qatar Art Museum



Toronto Art Museum



## Listamannalaun - enn og aftur !

Opið bréf til menntamálaráðherra 18.03 2011

### Ágæti menntamálaráðherra.

Að gefnu tilefni hef ég ákveðið að skrifa þér og leita á þínar náðir, þar sem ég tel og hef rökstuddan grun um að reglum við úthlutun starfslauna handa myndlistarmönnum sé ekki framfylgt s.a.m.k lögunum um faglegt mat á umsóknum umsækjenda. Úthlutunar - nefndin telur sig samkv. lögunum ekki þurfa að skýra frá mati síni á umsóknunum, hvorki til þeirra sem hljóta synjun né hinna. Augljóst má sjá að það gefur nefndinni skjól til þess að vinna faglega að innsendum

umsóknum og leiðir og hefur leitt til óyggjandi spillingar þar innandyra. Það er líka í hæsta máta algjörlega óeðlilegt að formaður slíkrar nefndar skuli á sama tíma gegna stöðu innan Listaháskólans. Enda hafa úthlutanir undanfarinna ára sýnt það að með því hafi myndast krosstengsl. Það er hægt að sýna það á exelskjali með því að setja upp úthlutanirnar síðustu 15 ár.

Ég fer því á leit við þig og sendi þér hér með um leið uppkast að eyðublaði sem úthlutunar-nefndin getur farið eftir til þess að gæta að faglegum vinnu brögðum við umsóknir

sem berast sjóðnum. Kerfi þetta er einfalt punktakerfi sem ætti að létta störf nefndarinnar, og um leið gera úthlutunina rökræna og gegnsæja og án alls vafa.

Með virðingu,  
Guðmundur R Lúðvíksson  
myndlistamaður.


Þess má geta að undirritaður hefur 20 sinnum fengið synjun um starfslaun á jafn mörgum árum þótt hann hafi sýnt m.a í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarborg, Nýlistasafninu, Listasafni Reykjanesbæjar og í fjöldann allan af erlendum listasöfnum og galleríum. Undirritaður er einnig með 8 ára myndlistarnám, 4 ár hér heima og 3 ár frá Hollandi og 1 á frá Býskalandi. Ferilskrá og viðurkenningar má sjá á heimasíðunni: [www.log8.com](http://www.log8.com)

Eyðublað til viðmiðunar á faglegu mati vegna úthlutunar á starfslaunum úr sjóði myndlistarmanna.					
Kennitala umsækjenda:					
			Fagmenntun 4 ár	Framhaldsmenntun	Einkasýning í listasafni
Fagmenntun	5 punktar		0		
Framhaldsmenntun *	2 punktar			0	
Einkasýning í listasafni **	6 punktar				0
		Sýning í Gallerí	Önnur listræn verkefni	Samsýningar	Bókaútgáfa
Sýning í Gallerí	2 punktar	0			
Önnur listræn verkefni	2 punktar		0		
Samsýningar	1 punktur			0	
Bókaútgáfa	3 punktar				0
		Listræn opinber umfjöllun	Samfélagsleg listræn þáttaka	Önnur listræn útgáfa	Starfsaldur
Listræn opinber umfjöllun ***	2 punktar	0			
Samfélagsleg listræn þáttaka ****	2 punktar		0		
Önnur listræn útgáfa	2 punktar			0	
Starfsaldur *****	1 punktur				0
		Opinber listræn verkefni	Annað mat:	Viðurkenningar	Næsta ár - Sýningar
Opinber listræn verkefni	1 punktur	0			
Annað listrænt mat:	2 punktar		0		
Viðurkenningar	2 punktar			0	
Sýningar næsta ár í Listasafni	6 punktar				0
Sýningar næsta ár í Gallerí *****	1 punktur				0
				<b>Samtals:</b>	<u>0</u>
Athugasemdir:					
Framhaldsmenntun *	Gefin er einn punktur fyrir hvert ár í framhaldsmenntun				
Einkasýning í listasafni **	Gefnir eru 6 punktar fyrir hverja einkasýningu í Listasafni - Miðað er ætíð við síðustu 5 ár				
Listræn opinber umfjöllun ***	Hafi umsækjandi tekið þátt í opinberri umræðu eða skrífum á listrænum veffangi.				
Samfélagsleg listræn þáttaka ****	Gefnir eru 2 punktar fyrir hvert verkefni sem unnið er.				
Starfsaldur *****	Einn punktur er gefin fyrir hver 5 ár sem viðkomandi hefur starfað.				

Fyndnar " Body Art " myndir !



# “ BODY ART “



# Jól í Grænlandi 2010

## Vissir þú að...

Jólatré fyrir Hrafna.




Síðustu jólin mín voru í raun engin jól. Ég vissi ekki hvernig það var fyrr en nú hvernig það væri að upplifa jól án jóla. Þannig var að ég skellti mér til Grænlands til að vinna. Ég þurfti að vinna öll jólin eins og hvern annan virkan vinnudag. Nema nú var ég frá allri minni fjölskyldu og vinum, á stað þar sem ég þekkti engan. Ekkert jólatré,

engin jólaljós og engin íslensk jólalög í útvarpinu. Ég hafði gert það mér til dundurs dagana í desember að gefa Hröfnunum afgangsmat. Á nokkrum dögum hafði ég náð sambandi við þennan ágæta fugl, og kölluðumst við á. Þeir meir að segja þekktu mig úr órafjarðlægd þegar ég arkaði með matinn til þeirra upp í fjall. Hrafnarnir urðu því mínir jólavínir og ég ákvað að gera handa þeim eitt lítið jólatré

( sjá mynd hér fyrir ofan ).

Tré skreytt með beinum úr hala af Sauðnauti. Tréð stendur enn með beinunum og vekur mikla kátínu hjá yngstu kynslóðinni í Narsarsuaq.



...að meðal blýantur getur dregið línu sem er rúmir 56 kílómetrar að lengd áður en blýið klárast?

...að Coca-Cola væri grænt að lit ef litarefnum væri ekki bætt í drykkinn?

...að það er bannað að ropa og hnerra í kirkjum í Nebraska-ríki í Bandaríkjunum?

...að fleiri deyja árlega af völdum býflugna en snáka?

...að tómatsósa var upprunalega meðal ?

...að bankar í Taílandi eru með apa í vinnu til að finna falsaða peninga?

...að gott er að tyggja steinselju á eftir mat sem inniheldur mikinn hvítlauk því að hún dregur úr hvítlaukslyktinni?

...að agúrka er mjög rík af C vítamíni og aðeins 12 hitaeiningar eru í 100 grömmum?

...að best er að geyma agúrkur ekki í of miklum kulda heldur á svölum stað, t.d. á þeim stað í ísskápnum þar sem kuldinn er minnstur?

...að ekki er ráðlegt að geyma paprikur í ísskáp þar sem þá er meiri hættu á að þær linist?

...að fyrstu íslensku tómatararnir voru ræktaðir að Reykjum í Mosfellssveit 1913?

... að aldursgreining sýnir að enn er ís í Vatnajökli frá því um 1200

... að Vatnajökull er hæsti og lægsti punktur landsins

...að Vatnajökull er heitasti og kaldasti reitur landsins

...að Vatnajökull er blautasti og þurrasti blettur landssins

Svona er...



# Læknirinn

eftir Gumma

Læknirinn...






Læknirinn...



Læknirinn...



## Gömul og ný plagöt ! Hugleiðing.



Plagat gerð var eitt sinn áberandi listform sem náði miklu hugmyndaflugi og kallaði fram marga frábæra auglýsingateiknara. Áður en netið náði tökum á öllu og öllum mátti sjá plagöt hér um allan bæ. Sum algjör augna konfekt. Núna telja allir sig geta gert á tölvunni sinni einhverskonar plagöt eða eitthvað sem líkist því. En því miður verður að segja það eins og það er, að sem er í boði nú er hvorki fugl né fiskur í samanburði við þau sem gerð voru og þá sér í lagi frá ca.

1920 og allt fram til 1980. Handverkið er horfið úr myndgerðinni og copy and paste hefur náð yfirtökunum. Þó má segja að hönnun geisladiska umslaga hafi haldist í listrænu formi eins og lagt var af stað í kringum 1965, eða þegar The Beatles komu með hvert umslagið á fætur öðru í listrænum tilgangi, og hæst ber þar örugglega hvíta albúmið. Ég man að það vakti gríðarlega athygli og umtal. En tímarnir breytast og mennirnir með, og það gera líka plagötin.

Nettímarit

# Troðningur

Menning & List

21.

tb1

ICELANDIC  
ART MAGAZINE